

Nd.

561. Nefndarálit

um frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp það til laga um Landsbanka Íslands, sem stjórnin lagði fyrir Alþingi í þingbyrjun, var í flestum greinum samhljóða frv. um sama efni, sem lá fyrir Alþingi í fyrri og var þar afgreitt af neðri deild, en það frv. var aftur í flestum atriðum bygt á frv. millipinganevndarinnar 1925. Hefir frv. þetta nú gengið gegnum efri deild og fengið þar mjög rækilega meðferð. Hafa verið þar gerðar á því all margar breytingar og sumar nokkuð viðtækar, en þó er grundvallarstefnan óbreytt, og fyrirkomulagsatriði ein, sem ágreiningur hefir verið um. Þær breytingar efri deildar, sem mest kveður að, eru þessar :

1. Í 1. gr. er skýrt kveðið á um það, að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á skuldbindingum bankans umfram stofnfjeð.
2. Stofnfje bankans er hækkað úr 4 milj. í 5 milj. (5. gr.).
3. Gulltrygging sedla er færið úr $\frac{1}{3}$ upp í 40⁰%, en feld niður hækkandi trygging eftir því sem seðlaveltan eykst (8. gr.).
4. Feld eru niður ákvæði 12. gr. um undanþágu bankans frá gullinnlausn og ráðstafanir út af því.
5. Nokkru er bætt við í upptalningu á störfum bankans (14. gr.).
6. Feld er niður heimild ríkisstjórnarinnar til þess að ábyrgjast erlend lán fyrir bankann (15. gr.).
7. Varasjóðsákvæði 24. gr. eru rýmkuð svo, að hann fær allan tekjuafgang þar til hann nær 4 milljónum, en áður 3 milj.
8. Liðkað er um skyldu sparisjóðsdeildar til verðbrjefaeignar þannig, að hún þarf ekki í upphafi að binda meira en 15% af innstæðufje í slíkum brjefum, og skal sú fjárhæð svo færð upp í 30%, þegar fært þykir, en eftir stjórnarfrumvarpinu átti hún að þema $\frac{1}{3}$ af innstæðufje (29. gr.).
9. Viðtækustu breytingarnar hafa verið gerðar á stjórn bankans.

- a. Landsbankanefndin er lögð niður, og verkefni hennar skift milli Alþingis, ráðherra og bankaráðs.
- b. Bankaráðið er gert að nokkurskonar gæslustjórn, sem er kosin að helmingi af hvorri deild (auk formanns bankaráðsins, sem er stjórnskipaður) og á að hafa daglegt eftirlit í bankanum og getur jafnvel gripið inn í dagleg störf bankastjórnarinnar, ef ágreiningi milli bankastjórnanna er skotið undir úrskurð þess. Formaður þess mætir ekki á fundum bankastjórnanna. Fundarþók bankaráðs skal lögð fyrir fjárhagsnefndir Alþingis.
- c. Því fyrirkomulagi er haldið, að einn af þremur bankastjórum skuli heita aðalbankastjóri, en enginn munur er gerður hans og hinna bankastjórnanna hvað völd í bankanum snertir. Að eins er það tekið fram, að hann skuli hafa viðtæka þekkingu og reynslu í viðskiftamálum, og hann er ráðinn með óákveðnum launum.
- d. Þóknun til bankaráðsmanna og formanns bankaráðsins er hækkuð.
10. Seðlabankinn ber ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðsdeildar með fjárhæð, sem nemur innskotsþje ríkissjóðs samkv. lögum frá 1913, þangað til varasjóður deildarinnar hefir náð 10% af innstæðufjenu (56. gr.).
11. Stjórninni er veitt lánsheimild til þess að greiða bankanum stofnfjæð (62. gr.). Nefndin hefir rætt mál þetta eftir föngum á nokkrum fundum, en þó minna en henni hefði þótt æskilegt, sakir þess hve henni er afskamtaður naumur tími, komið að þinglokum, er málið kemur frá efri deild, og annir miklar við önnur þingstörf, eins og venja er síðustu daga þingsins. Nefndinni list svo sem breytingar Ed. sjeu allmisjafnar, sumar vafalaust til bóta, svo sem er um hækkun stofnfjár, úr því að rjett þykir að láta ríkið leggja svo mikið af mörkum, hækkun varasjóðs og rýmkun um verðbrjefaeign seðladeildar. Aftur á móti þykir orka allmörg tvímælis um breytingarnar á stjórn bankans, og eru nefndarmenn þó ekki jafnóánægðir með þær. Mundu sumir óska, að breytt væri aftur í líkt horf sem var í stjórnarfrumvarpinu. En þar sem nefndin vill vinna að því, að nú verði hægt að ráða máli þessu til lykta, þá hefir orðið ofan á í nefndinni að breyta sem minstu, og leiða með því til samkomulags milli deildanna. Þó hafa einstakir nefndarmenn áskilið sjer rjett til viðtækari breytingartillagna. Og um einstakar af breytingartill. nefndarinnar hafa nokkrir menn óbundin atkv.
- Skal nú gerð stuttlega grein fyrir einstökum breytingartillögum nefndarinnar:

1., 3. og 5. b. brtt.

Nefndin telur engar líkur fyrir því, að seðlabankinn út af fyrir sig muni þurfa að setja á stofn útibú, og vill því taka öll ákvæði um útibú úr þeim kafla laganna. Verða útibúin þá bundiu við sparisjóðsdeildina eina.

2. brtt.

a. Orðabreyting.

b. Nefndin er sammála um það, að það sje óþarft og ekki annað en kostnaðarauki, að heimta 40% gulltryggingu, og telur $\frac{1}{3}$ sæmilega tryggingu. En þar sem niðurlagsákvæði greinarinnar, sem ákvað hækkandi tryggingu með auk-

inni seðlaútgáfu, hefir nú verið felt niður, leggur nefndin til að halda seðlatryggingunni í því, sem hefð er komin á hjer á landi, sem sje $\frac{3}{8}$, eða $37\frac{1}{2}$ %.

4. brtt.

Parf naumast skýringar.

5. a. brtt.

Nefndinni þykir óviðkunnanlegt að fella niður heimild seðlabanka til þess að taka við peningum á dálk, því að þeir eru honum hentugastir.

6. brtt.

Nefndin vill ekki fara inn á þá braut, sem þessi breyting Ed. bendir á. Bankanum er lítil þörf á þessum rjetti, því að hann getur farið ýmsar aðrar leiðir til þess að tryggja sig. Ef slíkt ákvæði ætti að setja, yrði það að vera miklu nákvæmara.

7. brtt.

Það virðist ekki nein ástæða til þess að láta bankaráðið hafa hönd í bagga um skipun endurskoðenda bankans. Þeir eiga meðal annars að endurskoða starf sjálfs bankaráðsins. Aftur á móti vill nefndin láta skipa þá til ákveðins tíma, til þess að hægt sje að losna við ljelegan mann án afsetningar.

8. brtt.

Þó að varasjóðsákvæðin væru rýmkuð í Ed., vill nefndin þó leggja til að rýmka þau enn. Reynslan sýnir, hve stórra varasjóða getur verið þörf, og er seint of mikið geit til þess að tryggja þá sem best.

9. brtt.

Breytingin á skipun bankaráðsins er hjer sú ein, að þeir 4 menn, sem þingið kys, skuli kosnir af sameinuðu Alþingi. Nefndin kemur ekki auga á neina ástæðu til þess, að deildir Alþingis sjeu að skifta þessu milli sín. Þá leggur og nefndin til, að slept sje því ákvæði, að bankaráðsmenn skuli vera utanþingsmenn. Það sýnist vera heldur óviðkunnanlegt, að fulltrúar Alþingis í stjórn bankans megi vera í hvaða stjett og stöðu nema ekki alþingismenn.

Þá vill meiri hluti nefndarinnar lækka þóknun fyrir starf í bankaráðinu um 1000 kr. til hvers. Er slíkt jafnan álitamál, og meiri hlutinn telur þessa borgun hæfilega. Mioni hlutanum finst á hinn bóginn meira virði, að bankaráðsmennirnir leggi vinnu og áhuga óskert í starf sitt en hitt, hvort bankinn leggur nokkru meira eða minna fje fram til starfsins.

10. og 16. a. brtt.

Brtt. a er aðeins orðabreyting. Nefndinni fanst rjeltara að setja ákvæðið um dýrtidaruppbót til bankastjórnanna í bráðabirgðaákvæðin, af því að hjer er um bráðabirgðaráðstöfun að ræða.

11. brtt.

Nefndin telur þetta ákvæði óþarft. Ef bankaráðsmaður er fjarverandi um lengri tíma, er rjett, að varamaður komi í hans stað (sbr. 34. gr.), og ber hann þá ábyrgð á starfi sínu þann tíma og tekur þóknun fyrir það.

12. brtt.

Brtt. a er orðabreyting. Sömuleiðis brtt. c. Brtt. b er borin fram eftir bendingu bankastjórnar Landsbankans, og sýnist sjálfsögð og alveg áhættulaus. Nær til þess, þegar skuldbinda þarf bankann með mörgum undirskriftum, sem ekki orka tvímælis, svo sem undirskrift sparisjóðsbóka.

13. brtt.

Brtt. a miðar aðeins að því að girða fyrir vafamál um það, hver gegni störfum aðalbankastjóra í forföllum hans, og er þetta tekið úr stjórnarfrumvarpinu.

Brtt. b. Þetta er sú minsta breyting á bankastjórninni, sem nefndin sjer sjer fært að leggja til, að gerð verði. Breytingin er ekki önnur en sú, að ekki má framkvæma neina meiri háttar ráðstöfun gegn mótmælum aðalbankastjóra. Er það minsta vald, sem hægt er að gefa honum, ef hann á að heita aðalbankastjóri. — Þá er og tekið burt ákvæðið um það, að ágreiningi milli bankastjórnanna um daglegar afgreiðslur megi skjóta til bankaráðsins. Þykir nefndinni ekki rjett að blanda bankaráðinu þannig inn í daglegu afgreiðslustörfin, enda rjett, að bankastjórar geri út um allt slíkt sín í milli. Þetta er og í samræmi við það, sem haldið er fram í greininni, bæði eins og Ed. hefir gengið frá henni og eftir brtt. nefndarinnar, að yfirleitt sje ekkert framkvæmt nema samkomulag náist um það innan framkvæmdarstjórnarinnar.

Brtt. c. er aðeins til samræmis við brtt. 12. b.

14. brtt.

Ágreiningur hefir risið um það, hvort ákvæði 42. greinar (sbr. 64. gr.), að bankastjórar megi ekki vera alþingismenn, eða alþingismenn megi ekki vera bankastjórar, fari í bága við stjórnarskrána eða ekki. Nefndarmenn eru ekki sammála um þetta atriði, en leggja þó til, að ákvæðið sje felt niður, því rjett er að taka í þeim efnum þá leiðina, sem öruggari er, og setja ekki það ákvæði í lög, sem nokkur grunur er á, að fari í bága við stjórnarskrána.

15. brtt.

Orðabreyting.

16. b. brtt.

Orðabreyting.

Samkvæmt því, sem nú hefir lýst verið, leggur því nefndin til, að frumv. verði afgreitt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 7. gr. Síðasti málsliður orðast svo: Bankaráðið getur falið útibúum spari-sjóðsdeildar að innleysa seðla og kaupa gull.
2. Við 8. gr.
 - a. Í stað »Seðlabankanum er heimilt að gefa« í upphafi greinarinnar kemur: Seðlabankinn gefur.
 - b. Í stað »40 %« í tölulið 1 kemur: $\frac{3}{4}$.
3. Við 9. gr. Setningin í svigum í síðustu málsgrein »(og útibúum o. s. frv.)« fellur niður.
4. Við 10. gr.
 - a. Orðið »erlendum« í staflíð b fellur niður.
 - b. Í stað orðsins »verðbrjefum« í staflíð e kemur: samskonar verðbrjefum og.
5. Við 13. gr.
 - a. Í stað orðsins »í« í upphafi töluliðs 1 kemur: Á dálk eða í.
 - b. Síðasta málsgrein fellur niður.
6. Við 14. gr. Síðasta málsgrein töluliðs 2, »ef ávísanir o. s. frv.«, fellur niður.
7. Við 21. gr. Í stað orðanna »eftir tillögum bankaráðs« í 4. málslið kemur: til 3 ára í senn.
8. Við 24. gr. Í stað orðanna »skiftist arður seðlabankans $\frac{3}{4}$ hluta« í 3. málslið kemur: skiftist arður seðlabankans að helmingi millí varasjóðs og ríkissjóðs.
9. Við 34. gr.
 - a. 1. málsgrein orðast svo:

Formann bankaráðsins skipar ríkisstjórnin til 5 ára í senn, svo og varaformann. Hina 4 bankaráðsmennina kys sameinað Alþingi hlutbundnum kosningum til 4 ára í senn, svo og 4 varamenn til jafnlangs tíma. 2 bankaráðsmenn og 2 varamenn ganga úr annaðhvert ár, og ræður hlutkesti hvorir 2 bankaráðsmenn og varamenn ganga úr í fyrsta skifti. Bankaráðsmenn og varamenn má endurkjósa.
 - b. Á eftir orðinu »bankaráðsfundi« í 3. málsgrein kemur: endurgjaldslaust.
 - c. Í stað »5000« og »3000« í síðustu málsgrein kemur: 4000 og 2000.
10. Við 36. gr.
 - a. Í stað orðanna »Þó getur bankaráðið vikið bankastjóra, jafnt aðalbankastjóra sem hinum bankastjórunum, frá fyrirvaralaust« kemur: Þó getur bankaráðið vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, jafnt aðalbankastjóra sem hinum bankastjórunum.
 - b. Orðin »og auk þess til starfsmanna ríkisins« í 2. málsgrein falla niður.
11. Við 37. gr. Síðasti málsliður 2. málsgreinar, »Nú er o. s. frv.«, fellur niður.
12. Við 38. gr.
 - a. Í stað »bankastjórnarinnar« í staflíð l. kemur: framkvæmdarstjórnar.
 - b. Aftan við staflíð l. bætist: svo og að ákveða, að fengnum tillögum framkvæmdastjórnarinnar, hverjir starfsmenn bankans skuli geta skuldbundið

- bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum hans (sbr. 39. gr.).
- c. Orðið »bankans« á síðari stað í staflíð m. fellur niður.
13. Við 39. gr.
- a. Á eftir orðunum »eldri í stöðunni« í 2. málsgrein kemur: eða sá, sem eldri er að árum, ef báðir eru jafngamlir í stöðunni.
- b. Í stað 4.—6. málsg. kemur:
- Framkvæmdarstjórnir halda fundabók, sem í eru ritaðar allar ályktanir, sem gerðar eru á fundum þeirra. Til þess að gerð verði gild ályktun, verða eigi færri en 2 bankastjórar að taka þátt í atkvæðagreiðslu, enda sjeu þeir sammála. Að jafnaði skulu engar meiri háttar ráðstafanir gerðar, ef einn bankastjóri mótmælir, og alls ekki ef aðalbankastjóri er þeim mótfallinn. Nú er ályktun gerð, sem einn bankastjóri er mótfallinn, og á hann þá rjett á að bóka rökstutt ágreiningsatkvæði í fundabókina.
- c. Á eftir orðunum »ásamt einum bankastjóra« í síðustu málsgrein kemur: svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum.
14. Við 42. gr. Fyrsti málsliður, «Alþingismenn o. s. frv.», fellur niður.
15. Við 44. gr. Í stað orðanna »eftirlauna- og styrktarsjóð« í upphafi greinarinnar kemur: eftirlaunasjóð.
16. Við 57. gr.
- a. Við 1. málsgrein skal bæta: Bankastjórar, aðrir en aðalbankastjóri, fá dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni; dýrtíðaruppbótin reiknast með sömu vísitölu og dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins.
- b. Í stað »og« í síðari málsgrein kemur: eða.

Alþingi, 11. maí 1927.

Kl. Jónsson, form.	Jón A. Jónsson, fundaskr.	Björn L'ndal.	Halldór Stefánsson, með fyrirvara.
Ásg. Ásgeirsson, með fyrirvara.	Magnús Jónsson, frsm.	Jakob Möller, með fyrirvara um sjálft frv.	